

Skilningur heyrnarlausra á táknmáli¹

1. Inngangur

Spænsk lög nr. 27 frá 23. október 2007 viðurkenna táknmál sem fyrsta mál heyrnarlausra og tiltaka úrræði og stuðning við þá sem tala táknmál og þá sem búa við heyrnarskerðingu eða heyrnarleysi. Í 10. grein laganna segir:

Menntayfirvöld viðurkenna að þeir sem nota táknmál eigi rétt á að nota það sem samskiptatæki í þeim menntastofnunum sem við á. Þau leggja til táknmálstúlka við þær stofnanir.

Tæpir tveir áratugir eru liðnir frá því að þessi réttur var viðurkenndur í landinu, þ.e. með viðaukalögum nr. 696 frá 28. apríl 1995 og í reglugerð um menntamál sem snýr að nemendum með sérþarfir þar sem heyrnarskertir og heyrnarlausir eru sérstaklega tilteknir sem og réttur þeirra til náms á táknmáli.²

Ljóst er því að á Spáni eru í gildi lög sem viðurkenna rétt viðkomandi borgara til þess að menntunarúrræði landsins séu þeim aðgengileg á táknmáli þegar og ef viðkomandi óskar þess. Ósvarað er hins vegar spurningunni um hvort táknmál eitt og sér tryggji jafnrétti til upplýsinga og náms fyrir heyrnarlausum nemendum.

Þessari spurningu hefur margsinnis verið velt upp í þeim löndum þar sem lengri hefð og meiri skilningur er á notkun táknmáls sem sjálfstæðs miðils innan menntakerfisins og þar sem umburðarlyndi gagnvart gagnrýninni umræðu um þessi mál er víðtækara. Á

1 Greinin er byggð á fyrirlestri sem fluttur var við Háskóla Íslands 30. júní, 2010. Hólmfríður Garðarsdóttir þýddi. Rannveigu Sverrisdóttur, lektor, umsjónarmanni náms í táknmálstúlkun við Háskóla Íslands, eru færðar bestu þakkir fyrir yfirllestur þýðingar.

2 BOE (*Buletin Oficial del Estado*, þ.e. spænsku þingtíðindin) nr. 131, frá 2. júní, 1995.

Spáni, þar sem baráttan fyrir viðurkenningu táknmáls er styttra á veg komin, mæta þessar spurningar enn andstöðu.

Þegar táknmálstúlkur gengur inn í kennslustofu er þrennt sem ræður úrslitum um hvort góð samskipti geti átt sér stað:

- túlkurinn sjálfur
- aðstæður til túlkunar
- viðtakandi upplýsinganna

2. Túlkurinn

Þegar sjónum er sérstaklega beint að starfi túlsins blasir mikilvægi hans við. Honum er gert að tryggja að heyrnarlausir fái sömu upplýsingar á táknmáli og heyrandi. Samt hafa mjög fáar rannsóknir verið gerðar á því hver séu einkenni góðrar túlkunar. Þrjár meginástæður eru fyrir þessum skorti á rannsóknum (Rudser og Strong 1986):

- Það hversu atvinnugreinin er ung, u.þ.b. 15 ára á Spáni.
- Vandkvæði þess að meta árangur og vanþekking þeirra sem ekki kunna táknmál á því hvað tryggir „góða túlkun“, ásamt því að ekki hefur enn reynst mögulegt að tilgreina hvað það merkir að vera „góður túlkur“.
- Skortur á fjármagni til rannsókna á sviðinu.

Þrátt fyrir þessar takmarkanir má finna nokkrar rannsóknir þar sem sjónum er beint í þessar áttir. Þeirra á meðal eru rannsóknir sem snúa að atgervi og greind, að takmarkaðri hreyfifærni, rúmskynjun, talfærni, menntunarstigi, umfangi þekkingar á viðfangsefninu, fjölskylduaðstæðum, þ.e. hvort foreldrar eru heyrandi eða heyrnarlausir, og því hversu lengi viðkomandi hefur starfað sem túlkur.

Í nokkrum rannsóknum, s.s. þeirra Rudser og Strong frá 1986, kemur fram að engin tengsl eru milli greindarvísitölu og túlkunarfærni, hreyfifærni og túlkunarhæfni, né heldur rúmskynjunar og talfærni eða málskynjunar. En bent hefur verið á að rannsóknin tók ekki tillit til þess hversu langa reynslu þátttakendur höfðu af túlkun.

Aðrar rannsóknir hafa beint sjónum að því hversu mikla þekkingu túlkur hefur á því viðfangsefni sem hann túlkar (Locker). Þessi þáttur virðist skipta máli um það hvort framsetning efnis verður skiljanleg fyrir viðtakandann og sé sambærileg við það hvernig efnið er sett fram á raddmáli.

Þekkingarstig túlks á því efni sem um ræðir hefur mikið um það að segja hvernig honum/henni tekst að koma því frá sér. Til eru rannsóknir þar sem skoðuð er færni túlks og hæfni til að spá fyrir um innihald þess efnis sem hann er að túlka (Wilcox og Wilcox). Með því er vísað til þess að um leið og túlkurinn tekur við tilteknum upplýsingum gerir hann sér í hugarlund hvað muni fylgja í kjölfarið. Á þann hátt er það þekking á viðfangsefninu sem auðveldar honum að byggja upp framsetningu sína á viðkomandi efni og tryggja gæði túlkunarinnar.

Rannsóknir er lúta að menntunarstigi túlka liggja þegar fyrir. Þær staðfesta mikilvægi menntunar túlka á því sérsviði sem þeir fást við. Ein þeirra staðfestir t.d. að þeir betur menntuðu geri síður mistök sem snúa að vali á hugtökum en þeir sem minni menntun hafa á viðkomandi sviði (Locker). Þeir sem fást við túlkun á skólastigi sem þeir hafa ekki lokið sjálfir lenda frekar í ógöngum. Sýnt hefur verið fram á að formlæg menntun táknmálstúlka er mikilvæg þegar kemur að túlkun á framhalds- eða háskólastigi.

Um aldur nemenda í táknmálstúlkun hefur fát verið skrifað og ekkert sem gefur neinar sérstakar vísbendingar. Svo virðist hins vegar sem börn heyrnarlausra foreldra eigi auðveldara með túlkun en þeir sem lært hafa málið sem „annað mál“ (Rudser og Strong). En rétt er að ítreka að frekari rannsókna er þörf. Fyrirliggjandi rannsóknir beindust að fáum einstaklingum og ekki var tiltekið um fjölda ára í námi eða umfang reynslu þeirra sem túlka.

Þegar athyglinni er beint að fjölda ára í starfi við táknmálstúlkun virðist um mikilvæga breytni að ræða (Rudser og Strong). Í því felst að því fleiri ár sem viðkomandi hefur starfað sem túlkur því auðveldara virðist túlkurinn eiga með að skilja og tákna þær upplýsingar sem hann tekur á móti. Varast ber þó að túlka upplýsingarnar þannig að því fleiri ár sem túlkur hefur lagt stund á nám í táknmáli verði hann sjálfkrafa betri túlkur, heldur er það virkni í starfi sem ræður úrslitum. Verið gæti að viðkomandi hefði lokið túlkanámi

fyrir allöngu síðan en ekki lagt stund á túlkun. Því ber að horfa á starfsreynslu frekar en prófaldur.

Þegar öllu er á botninn hvolft, virðist sem mestu máli skipti að þekking á viðfangsefninu sé fyrir hendi og að túlkurinn geti spáð fyrir um næstu upplýsingar. Menntunarstig viðkomandi, fjöldi ára í námi, þjálfun og umfang starfsreynslu virðist því skipta sköpum um góða túlkun.

3. Aðstæður til túlkunar

Eins og áður sagði hafa fáar rannsóknir verið gerðar á því hvað liggur til grundvallar góðri túlkun og þær eru enn færri sem beina athyglinni að nauðsynlegum aðstæðum til góðrar túlkunar.

Til eru rannsóknir á aðstæðum til túlkunar á ráðstefnum og þingum, þar sem viðfangsefnin eru fyrirfram ákveðin s.s. á sviði félags- eða umhverfisfræði o.fl. Enn fremur á aðstæðum þegar geimvísindi eða önnur vísindaleg málefni eru rædd þar sem túlkur getur illa dregið upp mynd í huga sér af þeim viðfangsefnum sem til umfjöllunar eru.

Það virðist nokkuð augljóst að aðstæður túlkunar hafi áhrif á það hvernig til tekst, þ.e. hversu vel heyrnarlaus viðmælandi skilur þær upplýsingar sem fram eru settar. Enn fremur hafa verið gerðar rannsóknir meðal heyrnarlausra háskólanema sem staðfesta að þeir skilja umtalsvert betur túlkaðan fyrirlestur en túlkaðar umræður á ráðstefnum eða í umræðutímum – þar sem einungis um helmingur þess sem fram fer skilar sér til þeirra. Þetta virðist til komið vegna þess að sú óskipulagða virkni sem til verður milli þátttakenda í samræðum gerir túlkum erfitt um vik. Margt af því sem fram kemur næst ekki að túlka. Túlknum reynist ómögulegt að túlka nema eina rödd í einu og hann nær sjaldan að fylgjast með líflegum umræðum á sama tíma.

Hvað varðar þekkingu á efninu sem hér er til umfjöllunar spurði Locker (1990) heyrnarlausu nemendur á háskólastigi að því hvort gæði túlkunar færu eftir því um hvað væri fjallað. 65% þeirra staðfestu að hæfni og færni túlksins réðu miklu meiru en efnið um það hvort tækist að koma því skilmerkilega á framfæri. Hinir töldu að efni sem snýr að félagsvísindum sé það sem auðveldast sé að túlka á

meðan raunvísindi reynist erfiðari. Ástæðurnar telja þau vera þær að félagsvísindin notist við orðaforða úr hversdagslífinu á meðan aðrar vísindagreinar styðjist við sérhæfðan orðaforða. 65% viðmælenda í umræddri rannsókn nefndu að túlkar sem fást við að túlka efni sem er nýtt fyrir þeim geri frekar villur í hugtakanotkun á viðkomandi sviði.

Aðrar rannsóknir gera að umtalsefni mikilvægi sjónrænna miðla til að tryggja betri túlkun. Þar kemur fram að fyrir túlk sem á í erfiðleikum með sérfræðihugtök sem hann/hún hefur ekki eiginlega þekkingu á nýtist myndefni vel. Án þess eiga túlkar það til að nota einangruð hugtök eða tákni sem þeim tekst ekki að setja í samhengi við fyrirlesturinn og rugla heyrnarlausu viðmælendur frekar í ríminu.

4. Viðtakandi upplýsinganna

Hvað þetta atriði varðar hafa rannsóknir beinst að eftirfarandi samanburði:

Hversu mikið skilur heyrnarlaus einstaklingur á fyrirlestri sem túlkaður er á spænskt tákni í samanburði við að efnið sé túlkað á táknaða spænsku (*sp. transliteración*)?

Hversu mikið skilur heyrnarlaus einstaklingur af tákniástúlkun efni fyrirlesturs miðað við hvað áheyrendur skilja beint af raddmáli?

Hversu vel skilur heyrnarlaus þátttakandi túlkað efni fyrirlesturs miðað við heyrandi þátttakanda sem er tvítyngdur á tákni og raddmál?

4.1 Fyrsti samanburður: Skilningur á táknuðu máli eftir eðli túlkunar

Fleischer gerði fyrstur manna rannsókn á þessu sviði árið 1975. Í henni kom fram að heyrnarlausir háskólanemar skildu betur fyrirlestur sem túlkaður var á enskt tákni (73% þeirra) en þann sem túlkaður var á táknaða ensku (67%). Þessi munur kom ekki hvað

síst til af því hvora aðferðina heyrnarlausir kusu sjálfir. Þeir sem höfðu táknmál betur á valdi sínu kusu þá aðferð umfram hina en þeir sem kunnu báðar völdu táknaða ensku umfram táknmál.

Í kjölfarið réðust Murphy og Fleischer í nýja rannsókn árið 1977 og spurðu sömu spurninga. Að þessu sinni voru niðurstöður áþekkar en munurinn reyndist þó enn minni en í fyrri rannsókninni.

Livingston og rannsóknarteymi hans gerðu árið 1994 svipaða rannsókn á heyrnarlausum háskólastúdentum. Þau beindu sjónum að túlkun og skilningi á rituðu efni og fyrirlestri sem fluttur var og túlkaður á bandarískt táknmál (ASL) annars vegar og á táknaða ensku hins vegar. Tekið var tillit til þess hvora aðferðina nemendurnir héldu meira upp á áður en ráðist var í verkefnið. Við túlkun fyrirlestursins skoruðu þeir nemendur sem héldu meira upp á táknmálstúlkun hærra en þeir sem völdu táknað raddmál. Enginn greinanlegur munur var á niðurstöðum hvað ritað eða fyrirlesið efni varðaði. Skilningur mældist að meðaltali um 62% og ekki náðist 100% skilningur neinna nemenda.

Í nýrri könnunum er komist að sömu niðurstöðum. Þannig tóku Napier og Barker viðtöl við fjóra heyrnarlausa háskólastudenta árið 2004 um táknmálstúlkun í tímum. Allir voru þeir sammála um að þeir næðu aldrei 100% af því efni sem fyrir þá var lagt og að þeir væru búnir að sætta sig við þá staðreynd. Samkvæmt eigin mati náðu þeir milli 50% og 90% á því efni sem lagt var fyrir í tímum.

Árið 2004 gerðu Marsharck og rannsóknarteymi hans þrjár tilraunir. Heyrnarlausir háskólanemar voru látnir sækja ráðstefnur sem annaðhvort voru táknmálstúlkaðar eða túlkaðar á táknaða spænsku. Í kjölfarið var lagður fyrir þá spurningalisti um skilning á efninu sem verið hafði til umfjöllunar. Niðurstöður tilraunanna gáfu til kynna að hvorki tilhöggun túlkunarinnar né dálæti nemenda á einni aðferð umfram aðra réði nokkru um hversu mikið af efni fyrirlestrar komst til skila (60–75% hjá heyrnarlausum á móti 85–90% heyrandi). Það sem mestu máli virtist skipta var fyrri þekking á efninu sem til umfjöllunar var. Þeir fundu heldur ekki umtalsverðan mun á því hvort lestur, stig heyrnarleysis, aldur eða fjöldi námsára, fjölskylduhagir eða notkun hjálpartækja hefði nokkur bein áhrif.

Af þessu má ljóst vera að skilningur heyrnarlausra á táknmálstúlkunum fyrirlesturum er takmarkaður og virðist aldrei vera

100%. Þar skiptir engu hvort efni fyrirlesturs fylgir raddmáli, táknmáli eða hvoru tveggja.

4.2 Annar samanburður: Skilningur heyrnarlausra á tákn- málstúlkuðu efni og skilningur heyrandi á raddmáli

Aðrar rannsóknir snúa að því hvort skilningur heyrnarlausra á táknmálstúlkuðu efni er svipaður skilningi áheyraða þegar formlega fluttir fyrirlestrar á raddmáli eiga í hlut.

Ein af fyrstu rannsóknunum á þessu sviði var unnin af Jacobs árið 1977. Í þeirri rannsókn voru heyrnarlausir og heyrandi nemendur sendir á 6 fyrirlestra um félagsfræði, náttúruvísindi og hugvísindi. Í kjölfarið voru lagðir fyrir þá spurningarlistar og grennslast fyrir um skilning. Niðurstöður staðfestu að heyrandi fengu betri útkomu en heyrnarlausir. Í tölum náðu heyrandi nemendur 83% af efni fyrirlestra en heyrnarlausir 69%.

Nær þremur áratugum síðar, eða árið 2004, réðust Marschark og teymi hans í svipaða rannsókn og niðurstöðurnar voru samhljóða. Í þrem tilraunum rannsökuðu þeir skilning heyrnarlausra háskólanema. Að þessu sinni náðu þeir einungis 59% skilningi á sama tíma og heyrandi nemendur náðu 87%.

Í annarri röð rannsókna sem Marschark, Sapere og teymi þeirra gerðu árið 2005, komust þau að því að skilningur heyrnarlausra nemenda á tilteknum fyrirlestrum var milli 60 og 75% á meðan heyrandi nemendur náðu 85–90%. Það staðfestir að heyrnarlausir nemendur skildu umtalsvert minna af því efni sem til umfjöllunar var hverju sinni. Það sem enn fremur kom fram í þessari rannsókn var að ekki virtist nokkru skipta að nemendurnir þekktu vel til þeirra túlka sem þátt tóku í verkefninu.

Samskonar rannsóknir hafa enn fremur verið gerðar á öðrum skólastigum. Í rannsóknum Rodríguez frá árinu 2005 koma sömu niðurstöður í ljós á grunn- og framhaldsskólastigi. Settir voru saman viðmiðunarhópar 36 heyrnarlausra ungmenna og 36 heyrandi. Skilningur heyrnarlausu nemendanna var viðunandi, en þegar niðurstöður voru bornar saman við skilning heyrandi nemenda kom í ljós að áberandi munur var á niðurstöðum hópanna. Heyrnarlausir gerðu fleiri villur, skilningur þeirra og skor var almennt lægra.

Þegar allt kemur til alls, ber rannsóknnum saman um að skilningur á táknuðum fyrirlestrum er lakari hjá heyrnarlausum en hjá nemendum sem hlusta á fyrirlestrana. Það sem á þó eftir að svara er hvort málið snúist um tungumálið sem notað er, þ.e. raddmál eða táknmál, eða hvort aðrar áhrifamiklar breytur gætu ráðið þarna úrslitum.

4.3 Þriðji samanburður: Skilningur tvítyngdra heyrandi á táknmálstúlkun efni og skilningur heyrnarlausra á sama efni

Í rannsókn sinni árið 2005 beindu Marsharck og félagar sjónum að táknmálsskilningi tvítyngdra heyrandi túlka og heyrnarlausra háskólanema. Tuttugu túlkar fylgdust með fyrirlestrum sem þeir heyrðu og voru táknaðir. Þeir svöruðu í kjölfarið spurningum um innihald fyrirlestrarins. Tíu aðrir túlkar svöruðu spurningunum án þess að hafa séð túlkun á fyrirlestrinum. Skilningur seinni hópsins mældist 57% á sama tíma og túlkarnir sem heyrnt höfðu og fylgst með túlkun fyrirlestrarins skildu 90% af því sem fjallað var um. Heyrnarlausir nemendur skildu einungis 53% af sama efni.

Þessi útkoma er í samræmi við niðurstöður Rodríguez, frá 2005 og 2007, og niðurstöður Rodríguez og Mora frá 2007.

Þannig má sjá að mismunurinn milli heyrnarlausra og heyrandi þátttakenda ræðst ekki af tungumálinu sem notað er því í öllum tilfellum er um táknmál að ræða. Marsharck kemst að þeirri niðurstöðu í rannsókn sinni frá 2005 að takmarkaðan skilning heyrnarlausra mætti rekja til túlkunar fyrirlestra á táknmál; þótt hún sé mjög nauðsynleg fyrir meginþorra heyrnarlausra nemenda, er það ekki nóg. Hún nægir ekki til að þeir öðlist sömu þekkingu, færni og hæfni og félagar þeirra. Skiptir þá engu hvort hljóð og tákn fara saman eða ekki.

4.4 Hvernig má skýra þetta?

- a). Með táknmáli er upplýsingum komið á framfæri á sambærilegan hátt við raddmál. Það gefa túlkarnir til kynna þegar bornar eru saman þær upplýsingar sem þeir tákna og þær upplýsingar sem fram koma í töluðu máli. Vandamálið er því ekki táknmálið sjálft.
- b). Við skiljum betur og meira þegar okkur tekst að tengja nýjar upplýsingar við það sem við þekkjum þegar. Vandamálið felst í því að svo virðist sem heyrnarlausir eigi erfiðara með að ná í sama magn upplýsinga og aðrir og þess vegna verður tenging við fyrri vitneskju erfiðari hjá heyrnarlausum en heyrandi.
- c). Einnig má spyrja hvort menntunarstig heyrnarlausra sé sambærilegt menntunarstigi heyrandi samnemenda. Meginþorri heyrnarlausra á Spáni eru börn heyrandi foreldra og hafa gengið í skóla þar sem táknmál hefur ekki endilega verið notað. Í þeim tilvikum hafa heyrnarlausir þurft að taka við upplýsingum með varalestri, og því má ætla að umfang menntunarinnar sé ekki sambærilegt við það sem heyrandi nemandi á sama skólastigi hefur átt aðgang að.
- d). Aldur einstaklings þegar tungumálanám hefst hefur umtalsvert að segja um árangur í námi. Alltof algengt er að heyrnarlausir hefji nám í táknmáli seint á ævinni, og það veikir stöðu þeirra gagnvart heyrandi samnemendum sem hafa fengið móðurmálið í vöggugjöf.
- e). Heyrandi eiga þess kost að læra tungumálið, móðurmálið, sem þeir þegar þekkja, í skóla. Fram til dagsins í dag verða heyrnarlausir á Spáni að sætta sig við það að læra táknmál í sérnámi og í samskiptum við aðra heyrnarlosa og þeim er meinað að læra um táknmálið á sama hátt og heyrandi nemendur um móðumál sitt.

5. Raunhæfar aðgerðir

1. Nauðsynlegt er að ráðast í frekari rannsóknir á því hvaða aðstæður tryggja góða táknmálstúlkun. Mikilvægt er að þær horfi til fjölda ára í námi og reynslu af túlkun – bæði þess sem túlkar og viðtakanda upplýsinganna sem túlkaðar eru.
2. Mikilvægt er að tryggja viðunandi menntunarstig túlka sem starfa innan spænska skólakerfisins, ekki hvað síst á framhalds- og háskólastigi.
 - a. Auðvelda þarf háskólanemum á mismunandi fræðasviðum aðgengi að táknmáls- og túlkunarnámi.
 - b. Tryggja þarf að táknmálstúlkar geti sérhæft sig á tilteknum fræðasviðum og öðlist þekkingu á grundvallaratriðum ákveðinnar sérfræðigreinar.

Aðrar aðgerðir fela í sér:

1. Að hefja kennslu táknmáls fyrr en nú er.
2. Framhaldsnám á sviði táknmáls.
3. Betrumbætur á námsmöguleikum heyrnarlausra.
4. Betra aðgengi heyrnarlausra að gögnum og gæðum samfélagsins.

ÚTDRÁTTUR

Í þessari grein fjallar höfundur um hvernig heyrnarlaus spænsk ungmenni standa höllum fæti í skólakerfinu þrátt fyrir gildandi lög um jafnrétti þeirra til náms og rétt þeirra til túlkunar. Hún beinir sjónum að skipulagi túlkanáms, þjálfun túlka, gæðum túlkunar og áhrifum túlkunar á árangur nemenda á mismunandi skólastigum. Höfundur vísar í fjölda rannsókna þegar hún fjallar sérstaklega um nám á háskólastigi og ber saman aðstæður heyrandi og heyrnarlausra nemenda á mismunandi fræðasviðum. Hún staðfestir að túlkun ein og sér tryggir ekki jafnt aðgengi að gæðum og gögnum samfélagsins – í þessu tilfalli að upplýsingum, þekkingu og menntun.

Lykilorð: táknmál, Spánn, heyrnarlausir, heyrandi, háskólanám

ABSTRACT

Deaf Understanding of Sign Language

In this article the author maintains that deaf Spanish youngsters do not enjoy equal rights within the educational system, despite laws on equal opportunities for all and their right to interpretation. The author discusses educational modules and the training of interpreters, the quality of interpretation and the influence interpretation has on the performance of students at different school levels. The author makes references to numerous studies when she focuses specifically on higher education and compares the situation of deaf and hearing students in different disciplines. She confirms that interpretation alone does not ensure equal access to information – in this case data, general knowledge and academia.

Keywords: sign language, Spain, deaf people, hearing people, university studies

HEIMILDIR

- Fleischer, L. R. 1975. Language Interpretation Under Four Interpreting Conditions. [Óútgefin doktorsritgerð.] Provo, Utah, USA: Brigham Young University.
- Jacobs, L. R. 1977. „The Efficiency of Interpreting Input for Processing Lecture Information by Deaf College Students.“ *Journal of Rehabilitation of the Deaf* 11, bls. 10–14.
- Livingston, S., Singer, B., og Abramson, T. 1994. „A Study to Determine the Effectiveness of Two Different Kinds of Interpreting.“ Í E. A. Winston (ritstj.), *Proceedings of the tenth national convention of the Conference of Interpreter Trainers: Mapping our course, a collaborative venture*, (bls. 175–197). Washington, DC: Conference of Interpreter Trainers.
- Locker, R. 1990. „Lexical Equivalence in Transliterating for Deaf Students in the University Classroom: Two Perspectives.“ *Issues in Applied Linguistics* 1(2), bls. 167–195.
- Marschark, M., Sapere, P., Convertino, C., Seewagen, R., og Maltzen, H. 2004. „Comprehension of Sign Language Interpreting: Deciphering a Complex Task Situation.“ *Sign Language Studies* 4(4), bls. 345–368.
- Marschark, M., Sapere, P., Convertino, C., og Seewagen, R. 2005. „Access to Postsecondary Education through Sign Language Interpreting.“ *Journal of Deaf Studies and Deaf Education* 10(1), bls. 38–50.
- Murphy, H. J., og Fleischer, L. R. 1977. „The Effects of Ameslan versus Siglish upon Test Scores.“ *Journal of Rehabilitation of the Deaf* 11, bls. 15–18.
- Napier, J., og Barker, R. 2004. „Access to University Interpreting: Expectations and Preferences of Deaf Students.“ *Journal of Deaf Studies and Deaf Education* 9, bls. 228–238.
- Rodríguez Ortiz, I. R. 2005. *Comunicar a través del silencio: Las posibilidades de la Lengua de Signos Española*. Seville, Spáni: Háskólinn í Sevilla.
- Rodríguez Ortiz, I. R. 2007. „La comprensión en lengua de signos española.“ *Infancia y Aprendizaje* 30 (1), bls. 87–107.
- Rodríguez Ortiz, I. R., og Mora Roche, J. 2007. „El uso educativo de la Lengua de Signos Española (LSE) y su problemática.“ *Revista de Educación* 342, bls. 419–441.
- Rudser, S. F. T., og Strong, M. 1986. „An Examination of Some Personal Characteristics & Abilities of Sign Language Interpreters.“ *Sign Language Studies* 53, bls. 315–331.
- Wilcox, S., og Wilcox, P. 1985. „Schema Theory and Language Interpretation: A Study of Sign Language Interpreters.“ *Journal of Interpretation* 2, bls. 84–93.